

Svanhvít Hermannsdóttir 111055-3199 og Almar Sigurðsson 140559-3509

Lambastöðum, 801 Selfoss.

Flóahreppi, Árnessýslu.

Hvammsvirkjun í Þjórsá – athugasemdir við tillögu að breytingu á Rammaáætlun að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk

Við undirrituð mótmælum harðlega þeim áætlunum sem uppi eru um að færa Hvammsvirkun úr biðflokki í nýtingarflokk.

Þegar fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár voru settar í biðflokk í Rammaáætlun jók það manni von í brjósti um að stjórnvöld þessa lands væru að vakna til lífsins um mikilvægi ósnortinnar náttúru. Að náttúran er líf okkar og yndi, hún er auðlind sem okkur ber að umgangast af virðingu, hún er ekki óþrjótandi.

Hver er það sem ætlar að taka ábyrgð á því að senda jarðýtturnar á Þjórsárþakka í krafti embættis síns? Hvað ætlar sá hinn sami að bjóða komandi kynslóðum upp á? Er einhver í alvöru sem trúir því að sú aðgerð að eyðileggja Þjórsá og umhverfi hennar og samfélögin sem þar búa verði þjóð vorri til bóta?

Hvaðan telja menn sig hafa fengið það vald að ganga þannig á hlut náttúrunnar að fólki sem byggir þetta land sé gróflega misboðið? Okkur undirrituðum er misboðið vegna þess að ef af þessari framkvæmd verður er þetta gróflegt inngrip í náttúruna. Íbúar við Þjórsá hafa barist gegn þessum fyrirhuguðum framkvæmdum í áraraðir. Rök okkar eru þau að náttúran sé betur komin óskert heldur en sundurgráfin til að þjóna lund skammtíma gróðasjónarmiða. Bent hefur verið á skaða sem umhverfið verður fyrir, bæði sjónrænt svo og vistkerfið. Það hefur margoft verið tíundað, bæði í ræðu og riti og verður ekki endurtekið hér. Ofan á það hefur bæst á síðustu mánuðum umræða um hugsanlegt eldgos í Bárðarbungu og gera má sér í hugarlund að tappar með reglulegu millibili í Þjórsá bæta ekki stöðuna ef til flóðs kemur. Undirrituð hafa búið í nágrenni Þjórsár í níu ár og allan þann tíma hefur samfélaginu verið haldið í heljargreipum með þessari umræðu um virkjanir í neðri hluta Þjórsár.

Er ekki mál að linni. Er ekki eðlilegt að íbúar þessa lands geti sofið sæmilega rótt án þess að vera sífellt á verði gagnvart því að landið sem fóstrar okkur verði eyðilagt. Sem borgarar þessa lands mótmælum við enn og aftur þessum gjörningum, nú fyrirhuguðum flutningi Hvammsvirkunar úr biðflokki í nýtingarflokk.

Gjört á Lambastöðum í Flóa 4. nóvember 2014.

Svanhvít Hermannsdóttir og Almar Sigurðsson.